

28. október 2015

Tilkynning frá Aðföngum

Með hliðsjón af neytendavernd hafa Crispy Food International A/S í samstarfi við Aðföng ákveðið að taka úr sölu og innkalla Crispy Food Organic Basic Muesli í 375g pokum.

Ástæða innköllunarinnar er að snefilmagn af jarðhnetum hefur greinst í ákveðnum framleiðslulotum af vörunni. Jarðhnetur eru þekktur ofnæmis- og óþolsvaldur og því er neysla vörunnar varasöm fyrir einstaklinga með ofnæmi eða óþol fyrir jarðhnetum.

Varan var til sölu í verslunum Bónus, Hagkaupa og Gló á tímabilinu júlí til október 2015. Athygli er vakin á því að innköllunin varðar ákveðnar framleiðslulotur og best fyrir dagsetningar.

Upplýsingar um vöruna:

Vöruheiti: Crispy Food Organic Basic Muesli 375g

Strikamerki: 5701164700687

Nettóþyngd: 375g

Framleiðslulotur og best fyrir dagsetningar:

Lotunúmer: 1034185	Lotunúmer: 1034956	Lotunúmer: 1035738
Best fyrir: 17.06.2016	Best fyrir: 13.08.2016	Best fyrir: 01.10.2016

Viðskiptavinum Bónus, Hagkaupa og Gló sem keypt hafa vöruna og hafa ofnæmi eða óþol fyrir jarðhnetum er bent á að þeir geta skilað henni í verslunina þar sem hún var keypt gegn fullri endurgreiðslu. Crispy Food International A/S og Aðföng biðja viðskiptavini verslananna sem kunna að hafa orðið fyrir óþægindum vegna þessa innilegrar afsökunar.

Nánari upplýsingar veitir gæðastjóri Aðfanga, í síma 530-5645 eða í gegnum netfangið [gaedastjori\[at\]adfong.is](mailto:gaedastjori[at]adfong.is)

